

Kristín Ósk Matthíasdóttir
Þverá
451 Þverá Vatnsfirði

Reykjavík, 26.6.2023
UST202302-121/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 31. maí 2023 – Kristín Ósk Matthíasdóttir, Vatnsfirði.

Þann 31. maí sl. fór fram eftirlit hjá Kristínu Ósk Matthíasdóttir. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili hefur sent til Umhverfisstofnunar fullnægjandi umsókn um starfsleyfi og hefur því fengið framlengt eldra starfsleyfi frá ráðherra umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis og er eldra fráviki því lokið.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Eitt frávik kom fram er varða:

1. 25. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnir árekstrarvörnum. Ekki er árekstrarvörn við olíugeymi á svæðinu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. júlí n.k.

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri

Virðingarfyllt

Gunnhildur Oddsdóttir
Lögfræðingur